

74
9. ágúst

Fjallskilareglugjörð

fyrir Borgarfjarðarsýslu.

I. kafli.

Um stjórn fjallskilamála.

1. gr.

Yfirstjórn allra fjallskilamála hefir sýslunefnd á hendi, samkvæmt sveitarstjórnarlög-
um 10. nóv. 1905, en hreppsnefndir alla umsjón og framkvæmd þeirra.

2. gr.

Hreppsnefndir geta gert nákvæmari ákvarðanir um fjallskil, í einstökum atriðum. Þó
má eigi þar með raska reglugjörð þessari, og skulu hreppsnefndir gæta þess, að farið sje eftir
ákvæðum hennar.

II. kafli.

Um afrjetti og notkun þeirra.

3. gr.

Búfjárhagar eða heimalönd nefnast hjer lönd þau, er í byggð liggja, engjar og beitolönd, er
búpeningur, (nautgripir, kvíær, brúkunarhross), gengur jafnaðarlega í á sumrum og vetrum.

Fjalllönd eða afrjettir kallast hjer þeir hlutar landa, er liggja utan búfjárhaga og
eru eigi varðir annara fjenaði.

4. gr.

Enginn má nota annan afrjett en þann, sem hann á upprekstur á, nema allar hlut-
aðeigandi hreppsnefndir leyfi, þegar um sameignarafrjett er að ræða. Enginn má heldur taka
hross eða sauðfje í sameiginlegt upprekstrarland af þeim, sem ekki eru heimilisfastir í því
upprekstrarfjelagi, nema hann hafi fengið til þess leyfi allra þeirra hreppsnefnda, er umráð
hafa yfir landinu. Leyfið gildir aðeins eitt ár í senn.

5. gr.

Enginn má hafa sameignarafrjett til sjerstakra afnota fyrir sjálfan sig, svo sem til
slægna eða beitar fyrir búsmala, nema hann, lögum samkvæmt, eigi tilkall til þess
í afrjettinum.

Hver sem þarf að ná fje sínu, sem er utan búfjárhaga, til sölu eða annarar förgun-
ar fyrir fjallgöngur, skal fá til þess leyfi hreppsnefndarinnar, en hreppsnefndin veitir leyfið
með þeim skilyrðum, er henni þykir við eiga.

III. kafli

Um fjársmalanir á vorum.

74

9. ágúst

6. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til afnota eða ábúðar, eru skyldir að smala heimalönd sín á vorum, eftir því sem hver hreppsnefnd ákveður.

7. gr.

Nú finst fje er sloppið hefir úr höndum eiganda, eða kemur fyrir fjarri eiganda, hvort heldur eru geldar kindur eða lambær, og er þá finnandi skyldur, ef honum er unt, að hirða og rýja geldfje og sömuleiðis ær, þegar tími er til kominn, og einnig að marka ómörkuð lömb. Skal hann gera eiganda full skil á ullinni, og grein fyrir marki og öðrum einkennum á hverri kind, sem hann hefir rúið eða markað. Í ómakslaun ber finnanda 50 aurar fyrir að rýja kind og 50 aurar fyrir að marka lamb.

IV. kafli.

Um rekstur til afrjettar.

8. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að dilkar og geldfje, þegar það er komið úr ull, svo og stóðhross, sje rekið til afrjettar svo tímanlega að vorinu, sem áferði og önnur atvik leyfa, og aldrei seinna en 11 vikur af sumri.

Reka skal þannig gegnum heimalönd manna, að sem minstur bagi verði að, og aldrei yfir tún og engjar, nema önnur leið sje ófær.

Fráfæring allan, sem rekinn er á fjall, skal setja 1—3 sólarhringa, eftir þörfum, heima, eða þar sem hann er eftirskilinn í afrjettinum.

Aldrei má, án leyfis eiganda, reka fjenað annara manna til afrjettar, nema víst sje, að afrjettarfjenaður sje, enda sje þá fje úr ullu og tryppi og lömb mörkuð.

Sjeu heimalönd notuð til uppreksturs, skal reka þangað sem búsmali gengur síst, enda sje það gert með leyfi landráðanda.

9. gr.

Enginn má hafa stóðhross, geldfje eða dilkær í heimahögum að sumrinu, nema í gripheldri girðingu sje, eða hreppsnefnd og nágrannar leyfi, enda ábyrgist eigandi að fjenaðurinn geri engan skaða.

Nú er fjenaður elgi rekinn til afrjettar eftir skipun hreppsnefndar, og má hún þá láta reka hann á kostnað eiganda, ef hann er í sama upprekstrarfjlagi.

10. gr.

Ef sauðfje eða hross ganga úr afrjett á sumrin í búfjárhaga, getur sá, er fyrir áganginum verður, gert hreppsnefndinni þar í hreppi aðvart um það. Skipar hún þá fyrir um smölun þess og rekstur til afrjettar, sjái hún nauðsyn til. Kostnað við smölun og rekstur borgar

74 landráðandi að $\frac{1}{4}$ en $\frac{3}{4}$ greiðast úr fjallskilastjóði upprekstrarfjelagsins, að tiltölu við það, 9. ágúst sem hver hreppur leggur til sameiginlegra fjallskila, nema öðruvísi sje um samið.

V. kafli.

Um fjallskyldur og fjallskil.

11. gr.

Fjallskilaskyldur er hver sá, sem á kind eða hross, hvort sem það er rekið úr heima-högum eða ekki, nema í gripheldri girðingu sje, eða hreppsnefnd og nágrannar leyfa að haft sje heima, enda eigi þá jörðin hvergi upprekstur fyrir hross. Skal hver leggja til fjallskila, það sem hreppsnefnd ákveður. Hreppsnefnd, eða hreppsnefndir þar sem fleiri hreppar eiga saman upprekstur, skulu árlega meta allan fjallskilakostnað leitarsvæðisins til peningaverðs, er sje sem næst sannvirði, og nefnist sú upphæð fjallskilasjóður. Heimilt er hreppsnefndum að ákveða, að alt að $\frac{1}{4}$ hluti fjallskilakostnaðar skuli greiðast í peningum, og ber að jafna því gjaldi sem jafnast á menn, eftir rjettri tiltölu. Skal þá jafnt auratal lagt á hvert hross, sem á hverjar fimm kindur. Ef ær eru látnar ganga með dilkum, skulu hverjar tvær þeirra metast jafnt til fjallskila, sem þrjár kindur geldar. Fráfærð lömb teljast sem geldkindur. Skyldur er húsbóndi hver, að inna af hendi fjallskil, fyrir allan þann fjenað, er hann hafði á fódri veturinn næstan áður, og þann fjenað, er hann eða aðrir heimamenn hans, fluttu inn í hreppinn, frá því að fódurskoðun fór fram og til þess tíma, er fjenaður er á fjall rekinn, gegn endurgjaldi frá eiganda. Þó ber að draga frá kvíær og þann fjenað, sem húsbóndi sannar að farist hafi á tímabilinu frá því skoðun fór fram og til þess, er fjenaður er á fjall rekinn, sömuleiðis þann, er hafður er heima í gripheldum girðingum, og þann er menn utan sveitarfjelagsins eiga, og færður er út af leitarsvæðinu, áður en fjenaður er á fjall rekinn, enda hafi oddvita viðkomandi sveitarfjelags verið tilkynntur flutningurinn fyrir miðjan júlí.

Taki einhver fje í fjallland sitt til sumargöngu, skal hann tilkynna það oddvita viðkomandi hrepps fyrir miðjan júní.

Sá hluti fjallskilasjóðs, sem borgaður er í peningum, skal greiðast til blutaðeigandi odddvita fyrir nóvembermánaðarlok ár hvert.

12. gr.

Þar sem tveir eða fleiri hreppar nota sama afrjett, skulu blutaðeigandi hreppsnefndir eiga fund með sjer, í síðasta lagi í 16. viku sumars, til að semja um það hvernig fjallskilum skuli haga, og skifta sameiginlegum fjallskilakostnaði milli hreppanna. Til þessa fundar boðar oddviti þess hrepps, sem aðalrjett s endur í. Skal þá leggja fram útdrátt úr skoðanaskýrslum hreppanna, staðfesta af forðagæslumönnum, og síðan jafna niður sameiginlegum fjallskilakostnaði hreppanna eftir fjölda fjallskylds fjenaðar, þannig, að jafnt auratal komi á hvert sauðfjárlúgildi í hvorum hreppnum um sig. A fundinum ræður afl atkvæða, þannig, að hver hreppsnefnd hefir eitt atkvæði, án tillits til þess, hvort fleiri eða færri eru á fundi. Verði ágrein-ingur milli nefndanna, sker sýslunefnd úr eða oddviti hennar til bráðabirgða.

13. gr.

Fjallskilasjóður sá, er um getur í 12. gr., skal vera í vörslu þess manns, er hreppsnefndir leitarsvæðisins kjósa til þess. Skyld er honum að gera hreppsnefndunum árleg reiknings-

skil fyrir sjóðnum, og skal reikningurinn síðan samþykktur af þeim, sendast sýslunefnd til endurskoðunar og fullnaðarsamþykktar. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið.

74
9. ágúst

Af fjallskilasjóði skal greiða allan kostnað við refaveiðar og fjallskil að hausti, svo sem kaup leitarmanna, rjettarmanna, gangnastjóra, rjettarstjóra, marklýsingamanna og markskoðunarmanna, enda sje það sanngjarnlega metið. Ennfremur fundarlaun fjár og hrossa, er skylt var að reka á afrjett, eða hreppsnefnd leyfði að væri í heimahögum, gæslukostnað, reksturskostnað og það annað, er til fjallskila heyrir.

Komist fje eða hross ekki til rjetts eiganda, heldur sje selt eða ráðstafað á annan hátt, af því að hreppsnefnd í þeim hreppi, sem fjenaðurinn er úr, telji það hagkvæmara, skal borga allan áfallinn kostnað á þann fjenað úr fjallskilasjóði. Þó skal hreppsnefnd tilkynna eiganda, ef um hross er að ræða, áður en hún ráðstafar því til sölu, og má eigandi þá sækja hrossið á sinn kostnað ef hann vill það heldur. Hagatoll og fóður hrossa borgar fjallskilasjóður ekki, ef hann tilfellur eftir að $1\frac{1}{2}$ mánuður er af vetri.

Rjett á hver einn til þess, að fá borgun úr fjallskilasjóði samkvæmt þessari grein, í þeim hreppi, sem hann borgar fjallskil í.

14. gr.

Nú á búandi tilkall til afrjettar fyrir sig eða ábýlisjörð sína, en kaupir, með leyfi hreppsnefndar (sbr. 4. gr.), annarsstaðar upprekstur og notar eigi sinn eigin afrjett en ekki mega þau vera meiri en helmingur þeirra fjallskila, sem honum hefði borið að gera, ef hann hefði notað afrjettinn. Skyldur er hann að gera full fjallskil þar sem hann hefir fjenað sinn.

15. gr.

Prennar leitir skal gera á hverju hausti til þess að smala til rjetta. Þó getur hreppsnefnd felt úr miðleit, ef ástæða er til. Í öllum leitum skal smala sauðfje, en hrossum í síðustu leit. Þó má hreppsnefnd á fjallskilafundi ákveða, að hrossum sje líka rjettað í fyrri rjettum, enda skal það þá tilkynnt í þá hreppa utan leitarsvæðisins, er þar eiga hrossa von. Einnig skal eftir þörfum senda menn til að hirða fje og hross í þeim útrjettum, er fjár von er við. (Útrjettir hjer kallaðar rjettir utan leitarsvæðisins).

16. gr.

Hver bóndi er skyldur að leita heimaland ábýlisjarðar sinnar, ef það er eigi stærra en svo, að það sje notað fyrir búpening heimilis hans, og reka skilvíslega til rjetta allan óskilafjenað, eftir nánari ráðstöfun hreppsnefndar.

17. gr.

Hreppsnefnd hver jafnar niður fjallskilum á hreppsþúa sína, eftir að hreppsnefndir hafa átt með sjer fund þann, er um ræðir í 12. gr., og skal niðurfjöfnun lokið svo tímanlega, að hún geti orðið öllum hlutaðeigendum kunn eigi síðar en viku áður en göngur byrja. Niðurfjöfnun skal birta þannig, að fjallskilaseðill eða seðlar, gangi bæ frá bæ um hreppinn, og hefir hann, eða þeir, hreppskilapingsrjett. A seðli þessum skal standa hvaða fjallskil hver á að gera það haust, hvar leitarmenn skulu koma saman til að hitta leitarforingja, hvenær leitir eigi að byrja, hver verði leitarforingi, hverjir vera skuli foringjar fyrir þeim mönnum, er senda skuli í útrjettir o. s. frv.

74

9. ágúst

Hreppsnefndir skulu árlega kjósa leitarforingja, einn eða fleiri, fyrir hvert leitarsvæði, er þeir eiga yfir að segja. Enga aðalleit má gera án þess að leitarforingi sje í henni og stjórn henni, enda skulu leitarmenn skyldir að hlýða honum. Einnig skulu kosnir foringjar yfir þá, er sendir eru til að hirða fje manna í útrjettum.

19. gr.

Sjerhver maður er fjallskil á að inna af hendi, skal vanda vel tillag sitt, svo sem það, að senda fullgilda og vel útbúna menn í leitir og útrjettir o. s. frv.

Láti einhver farast fyrir að senda mann í göngur, eða gera þau fjallsskil, sem hann er kvaddur til í gangnaboði, skal hann borga tvöföld fjallsskil.

Ef einhver sendir mann í göngur, sem leitarforingi og helmingur gangnamannanna í hans flokki, telur óhæfan sökum ágalla eða ills útbúnaðar, skal vísa honum heim aftur, og er þá sá fjáreigandi, er þann mann sendir, skyldur að borga gangnaskilin eins og hann hefði engan sent. Sama gildir og um menn í útrjettir.

Sannist það, að gangnamaður eða annar, sem fjallsskil á að inna af hendi, vanræki skyldu sína, getur hreppsnefnd krafist uppbótar frá honum, eða þeim, sem hann sendi, eftir því sem hæfa þykir. Vilji hann ekki hlýta úrskurðinum, getur hann skotið málinu til sýslunefndar.

Gjaldi fyrir gangnasvik og vanrækslu á fjallskilum, má verja til að kaupa mann til fjallskilanna, ella renni það í fjallskilasjóð þess hrepps, sem hlut á að máli.

20. gr.

Aður en leit byrjar, kannar leitarforingi lið sitt, og ef svo reynist að einhverja vanti eða einhverjir reynist óhæfir til að fara í leitir, kaupir hann menn í þeirra stað.

Leitarforingi hefir á hendi alla stjórn á leitunum. Hann skipar fyrir um hvernig hver leitarmaður hagar göngu sinni, gætir þess vel að allir vandi verk sín, að söfnin sjeu rekin með reglu til rjetta, svo þau sjeu komin þangað í tæka tíð, að allrar mannúðar sje gætt við skepnurnar, að lamakindur og nothæfir ræflar sjeu fluttir til byggða, og safnsins gætt þar sem rjettarstjóra ber að taka við því.

21. gr.

Þeir menn, sem sendir eru til að hirða fje og hross í útrjettum, eru skyldir að hlýða foringja sínum. Foringjar útrjettarmanna skulu gera sitt ýtrasta til þess, að ekki verði fje eða hross eftir í útrjettum og fari þar fram töfludráttur, mega þeir ekki fara frá rjettinni, fyr en hana er afstaðinn.

Sje einhver skepna svo fötluð, að hún verði ekki rekin með öðru fje, skal foringi útrjettarmanna koma henni í gæslu, eða ráðstafa henni á annan hátt, þygi honum það hagkvæmara fyrir eiganda. Komi hann kindinni í gæslu, skal hann, svo fljótt sem hann getur, tilkynna það eiganda, sem þá sækir hana eða ráðstafar á sinn kostnað. Aldrei má skilja eftir fatlað eða uppgefið fje milli bæja, heldur ber foringja útrjettarmanna skylda til, að koma hinni fötluðu eða uppgefnu skepnu til bæja og sje hún skilin þar eftir í gæslu, eða ráðstafað á annan hátt.

Gæta skal foringi útrjettarmanna þess, að fje sje rekið gætilega, svo það ekki uppgefist eða mæðist að óþörfu.

22. gr.

74

9. ágúst

Eftir að aðalleitir eru afstaðnar geta hreppsnefndir, ef þeim þykir ástæða til, látið gera enn eina almennu leit á leitarsvæðum þeim, er þær eiga um að sjá. Til þeirrar leitar má gera aukaniðurjöfnun á alla hlutaðeigendur. Leitin kallast eftirleit og sje ákveðin og boðuð í síðustu rjett. Láti hreppsnefnd ekki framkvæma eftirleit, og eins eftir að hún er afstaðin, ef hún hefir verið ákveðin, er hverjum einstökum manni heimilt að gera eftirleit.

23. gr.

Nú þykir einhverjum niðurjöfnun fjallskila eigi rjett, og vill fá leiðrjetting á því, ber honum þá engu síður að inna þau af hendi, en sent getur hann rökstudda kæru til hreppsnefndar fyrir hausthreppaskilabing og beðið hana lagfæringar, og fer þá með hana sem um útsvarskæru.

VI. kafli.

Um rjettir og rjettahöld.

24. gr.

Þessar skulu vera skilarjettir sýslunnar:

1. Rauðsgilsrjett. Leitarsvæði: Hvítá ræður að norðan, Langjökull að austan, Geitlandsjökull að sunnan, þá norðanvert við Ok, þá út og suður með Oki í Flókadalsárdrög. Síðan ræður Flókadalsá að Hvítá.

Fyrsta Rauðsgilsrjett skal vera föstudaginn í 23. viku sumars, önnur fimtudaginn í 24. viku, þriðja þriðjudag í 25. viku sumars.

A þessu leitarsvæði skal sundurdráttarrjett vera á Húsafelli. Úrtíningur rekst til Rauðsgilsrjettar.

2. Oddstaðarjett. Leitarsvæði: Að leitartakmörkum Rauðsgilsrjettar frá Hvítá eins og Flókadalsá ræður alt að Oki, með Oki suður í Kaldadal og svo vestur sýslumót í Kvígindisfell, þaðan beina stefnu í upptök Suðurár, en hún skilur leitarsvæði í Eiriksvatn, en síðan ræður Fitjaá, Skorradalvatn og Andakilsá til sjávar.

Fyrsta Oddstaðarjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku sumars.

3. Hrafneyrarrjett. Leitarsvæði: Að norðan ráða leitartakmörk Oddstaðarjettar alla leið frá sjó til Kvígindisfells, þaðan í Hvalvatn austanvert við Skinnhúfuhöfða. Svo ræður Hvalvatn og Stórabotnsá til sjávar.

Fyrsta Hrafneyrarrjett skal vera miðvikudaginn í 22. viku sumars, önnur miðvikudaginn í 23. viku, þriðja miðvikudaginn í 25. viku sumars.

A þessu svæði skulu sundurdráttarrjettir vera í Hreppsrrjett, Leirár- og Melahreppi og Innri-Akraneshreppi. Úrtíningur úr öllum þessum rjettum rekist til Hrafneyrarrjettar.

25. gr.

Allir þeir, sem jörð hafa til ábúðar eða nytja, eða fje eiga, eru skyldir til að vinna að byggingu rjetta og ómerkingadilka og viðhaldi þeirra, hver að sínum hluta, eftir því sem hreppsnefnd ákveður.

74 Við hverja aðalrjett skulu allar jarðir í upprekstrarfjeloginu eiga nægilegt dilkrúm, 9. ágúst hver fyrir sig, eða fleiri í fjelagi, og eru ábuendur þeirra skyldir að kosta byggingu dilkanna og viðhald þeirra, eftir rjetttri tiltölu.

Enn fremur skulu vera sjerstakir dilkar, einn eða fleiri eftir þörfum, fyrir fje úr öðrum leitarsvæðum eða hreppum, er hlutaðeigandi upprekstrarfjelag eða hreppar byggja og viðhalda á sinn kostnað, nema svo sje umsamið, að rjettarfjelagið kosti byggingu þeirra og viðhald mót því, að hlutaðeigandi upprekstrarfjelög sýni því aftur sömu skil.

26. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um:

- a. Að almenningar rjetta sjeu nógu stórir.
- b. Að sjerhver maður innan leitarsvæðisins, sem fjár von á við rjettina, hafi nógu stórt dilkrúm fyrir fje sitt, svo ekki þurfi að hleypa út úr dilknum fyr en að afstöðnu rjettarhaldi.
- c. Að til sjeu nógu margir og stórir dilkar fyrir útrjettafje.
- d. Að allir veggir rjettanna sjeu traustir og stöðugir og svo háir, að engin sauð-kind geti stokkið yfir þá.
- e. Að grindur sjeu í öllum dilkshliðum.

27. gr.

Vanræki einhverjir að vinna að rjettar- og dilkbyggingu, má hreppsnefnd útvega til þess menn á þeirra kostnað.

28. gr.

Vijji rjettarfjelagið byggja leitarskála eða gerði til þess að geyma safnið í næturlangt, skal vinnu og kostnaði við það jafnað niður eftir sömu hlutföllum og fjallskilum.

29. gr.

Rjettarbóndi, þar sem safns er gætt náttlangt, fær fyrir usla og átroðning alt að kr. 75 — sjötu og fimm krónur — þóknun úr fjallskilasjóði leitarsvæðisins. Andvirði seldra ómerkinga renna í fjallskilasjóð.

30. gr.

Hreppsnefnd í þeim hreppi, sem rjett liggur í, skal kjósa rjettarstjóra, og tekur hann við af leitarforingja þegar markljóst er, og lætur þá þegar fara að rjetta. Hann gerir sjer far um, að alt fari skipulega fram, meðan á rjettarhaldinu stendur, hefir vald til að banna fjárkaup, slark, óreglu og alt annað, sem tafið getur fyrir rjettarhaldinu. Skyldir eru allir að hlýða skipunum rjettarstjóra og getur hann kært þá til sekta ef út af er brugðið. Rjettarstjóri getur skipað rjettarstjóra í sinn stað, ef hann þarf á að halda.

Rjettarstjóri skal sjá um, að ómerkingar sjeu settir í ómerkingadilk, svo eigendum gefist kostur á að láta lambsmæður helga sjer þá.

Enginn má taka ómerking án leyfis rjettarstjóra.

Enginn má hleypa út úr dilk fyr en rjettarstjóri leyfir og búið er að kanna fjeð í dilknum. Að þeim starfa eru allir skyldir að vinna, þeir sem rjettarstjóri nefnir til þess.

Hvert dilkfjelag kys sjer dilkstjóra og ber þeim að aðstoða rjettarstjóra eftir því sem þörf krefur. 74
9. ágúst

Hreppstjóri þess hrepps, sem rjett liggur í, skal ætíð vera við rjettina og gæta lögreglu.

31. gr.

Það er skylda sjerhvers manns í rjettarsókninni, er fjárvon á í einhverri skilarjettinni, að hafa þar nægan mannafla að hirða þar fjenað sinn; en ef einhver vanrækir þetta, er rjettarstjóra heimilt að láta draga fjenað hans og reka heim til hans á hans kostnað.

32. gr.

A fundi þeim, sem umræðir í 12. gr., skal kjósa tvo marklýsingamenn til þess að gera úr mörkum fjár og hrossa við skilarjettir. Skulu þeir lýsa öllum mörkum eftir að töflu-dráttur byrjar. Í þóknun fyrir starfa sinn fá þeir 4 kr. — fjórar krónur — hver, og greiðast þær úr fjallskilasjóði. Greini þá á um mark, skal rjettarstjóri tilnefna þrjá menn, er þá lýsa markinu, og telst það mark skepnunnar, er meiri hluti þeirra telur rjett að vera.

Ennfremur má á nefndum fundi kjósa eins marga skoðunarmenn og þörf er fyrir hverja rjett. Skulu þeir skoða alt fje, sem dregið er og reka á út af rjettarsvæðinu, og skal að minsta kosti vera sinn maður í hverjum þeim dilksdyrum, sem útrjettarfje er dregið í. Í þóknun fyrir starfa sinn fá markaskoðunarmenn 10 kr. á dag, er greiðist úr fjallskilasjóði leitarsvæðisins.

33. gr.

Úrtíningur úr öllum sundurdráttarrjettum sýslunnar skal kominn til skilarjettar kvöldið áður en rjetta skal, ber hlutaðeigandi hreppsnefnd að annast um slíkt.

34. gr.

Euginn má blóðmarka fje að haustum.

VII. kafli.

Um smölun heimalanda á haustum og rekstur á aðkomufjenaði.

35. gr.

Hver búandi eða landráðandi er skyldur að smala heimaland sitt á haustum, svo oft sem hreppsnefnd ákveður, þótt hann eigi þar ekki fjárvon sjálfur og skal hann koma öllum aðkomufjenaði til rjetta.

36. gr.

Hreppsnefnd skal sjá um, að eftir rjettir á haustum sjeu öll heimalönd smöluð ræki-lega, svo oft sem þörf krefur, og setur hreppsnefndin reglur um, hvernig haga skuli rekstri á aðkomufjenaði, svo hann komist sem fyrst til skila.

VIII. kafli.

Um eftirleitir einstakra manna og fundarlaun.

37. gr.

Hafi hreppsnefnd ákveðið eftirleit, er engum heimilt að fara á afrjett til fjárleita, fyr en henni er lokið.

A fjallskilafundi skal ákveða, hvernig ákveða skuli fundarlaun fyrir fjenað, áður óheimtan, er finst í afrjetti eftir leitir.

38. gr.

Fundarlaun fyrir óheimt fje, er finst í eftirleitum eða endranær, greiðist úr fjallskilasjóði þess upprekstrarfjelags, sem fjallskil voru borguð í af hinu fundna fje (sjá þó 46. gr.).

Fyrir heimanað sloppið fje, er finst í eftirleitum, borgar eigandi sjálfur fundarlaun. Kostnað við rekstur hins fundna fjár, eftir að það er komið til bygða, innan leitar-svæðisins, ber eigandi sjálfur.

Hið sama gildir um hross.

IX. kafli.

Um meðferð óskilafjár.

39. gr.

Alla ómerkinga, svo og alt fje með vafasömum mörkum, eða marki, sem ekki finst við töfludrátt, enda hafi þá verið notaðar markaskrár úr nærliggjandi sýslum, skal afhenda hreppstjóra. Skal hann í lok hverrar rjettar selja alt það fje og ómörkuð folöld, sem ekki hefir gengið út, við opinbert uppboð. Uppboðið gerir hann heyrum kunnugt, birtir söluskilmála, nefnir uppboðsvotta og ritar hjá sjer í uppboðsbók hreppsins, mörk og lýsing á sölufje eftir marklýsingamönnum.

40. gr.

Óskilafje, sem finst eftir rjettir, skal hreppstjóri selja við opinbert uppboð á haust-hreppaskilum, eða annarstaðar eftir ástæðum.

41. gr.

Fyrir lok hvers árs skal hreppstjóri senda sýslumanni, eða þeim, sem sýslunefnd ákveður, skýrslu yfir selt óskilafje í sínum hreppi. Sýslumaðnr, eða sá er sýslunefnd ákveður, skal síðan auglýsa hinn selda fjenað í Lögbirtingablaðinu, og þá jafnframt geta þess, hvað hver kind hefir selst fyrir.

42. gr.

Af andvirði óskilafjár greiðist umboðskostnaður, þar með talin sölulaun, auglýsinga-kostnaður svo og fundarlaun. Að öðru leyti greiðist eiganda fjárverðið, ef hann innan næst-komandi septembermánaðarloka sannar eignarrjett sinn.

Þegar lokið er útborgun á óskilafjárverði hvers árs, skal hreppstjóri senda oddvita 74 afrit af uppboðsbók hreppsins um óskilafjárstölu á árinu, ásamt sundurliðaðri skýrslu um það, 9. ágúst hverjum fjárverðið er greitt; jafnframt sendir hann oddvita eftirstöðvar af óskilafjárverðinu, ef nokkurt er, og skal það renna í viðkomandi fjallskilasjóð.

Skilríki hreppstjóra fyrir sölu óskilafjár skal síðan fylgja fjallskilasjóðsreikningunum sem fylgiskjal.

X. kafli.

Um hirðing hrossa á haustum.

43. gr.

Rjettarstjóri skal gæta þess, að hryssum sje gefinn kostur á að helga sjer ómörkuð folöld, og má enginn taka þau til hirðingar án leyfis hans. Einnig skal hann eftir mætti gæta þess, að hryssur klumsi ekki meðan á rjettarhaldi stendur.

Hross þau, sem eftir eru, þegar töfludrætti er lokið, skulu þegar seld af hreppstjóra í þeim hreppi, er rjettin stendur í. Gilda um það sömu ákvæði og um sölu óskilafjár, þó með þeirri undantekningu, að hross skal ætíð selja með 12 vikna gjaldfresti og jafnlöngum innlausnarfresti. Hrossin eru í geymslu kaupanda frá söludegi, en ekki í ábyrgð hans fyrir en að innlausnarfrestinum liðnum. Gæslukaup og hagatollur eru 10 aurar um sólarhringinn, og reiknast frá söludegi til þess tíma, er hrossið er tekið, þó aldrei lengur en 12 vikur.

Komi hross á hús og hey, skal fóðurkostnaður greiddur eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi, sem hrossið var geymt í.

Verði hæstbjóðandi eigandi hrossins að innlausnarfresti liðnum, ber honum hvorki hagatollur, gæslukaup nje fóður, þó þess hafi þurft.

44. gr.

Almenn hrossasmölun skal fara fram fyrsta föstudag í vetri, og svo fyrsta föstudag í desember og úr því, ef þurfa þykir, fyrsta föstudag í mánuði hverjum vetrarlangt. Skulu þá öll ókunn hross, sem fyrir koma í heimalöndum, rekin á þann stað í hreppi hverjum, sem viðkomandi hreppsnefnd ákveður, og þeim rjettað þar.

Um óskilahross, sem fyrir koma við þessar almennu smalanir, gilda sömu reglur og um óskilahross við rjettir. Sje ekki hægt vegna veðurs að smala hina tilteknu daga, skal smala næstan virkan dag, sem veður leyfir.

45. gr.

Eftir hvert uppboð á óskilahrossum, skal hreppstjóri, innan tveggja daga, hafa sent af stað, til hreppstjóra í aðliggjandi hreppum, tilkynningu um upphæð, ásamt nákvæmri lýsingu af hinu selda. Í lýsingunni skal tilgreint nafn og heimili kaupanda. Gangi hrossin ekki út, skal auglýsa þau sem annað óskilafje.

XI. kafli.

Um mörk sauðfjár og hrossa og markaskrár.

46. gr.

Hver maður skal einkenna fje sitt og hross með glöggu marki á eyrum, en ef sauðfje er soramarkað, þá brennimarkað á hornum.

74

Svo er það skylda fjáreiganda, að hafa hreppsbreunimark á hægra horni. Ef ein-
9. ágúst hver vanrækir að hafa hreppsbreunimark á fje sínu, getur hann ekki krafist skaðabóta, þó
fje hans verði eftir í útrjettum, enda ber þá fjallskilasjóði ekki að borga gæslukostnað og ann-
að, er á slíkt fje kann að falla.

Rjett er að fjáreigendur einkenni fje sitt, jafnóðum og það heimtist, með glöggu
hagamarki. Vanræki einhver að auðkenna fje sitt þannig, verður hann sjálfur að borga fund-
arlaun fyrir hverja sína kind, sem finst í eftirleit eða annarstaðar, en ekki fjallskilasjóður.

47. gr.

Fje skal draga eftir mörkum. Markið helgar eiganda kind, nema sönnur komi fyrir,
að annar eigi. Kind, sem ekki ber rjett mark manns, er honum óheimilt að draga sjer, hve
lítið sem ávantar. Úr öllum ágreiningi, er rísa kann út af vafamörkum, skera marklýsinga-
menn. Verði þeir ekki samdóma, fer um það sem fyrir er mælt í 32. gr. Ef kind er með
brennimarki eða hornamarki annars en þess, er á eyrnarmarkið, skal sá talinn eigandi, sem á
brennimarkið eða hornamarkið, og skal hann þá, ef eigandi eyrnamarks krefsts þess, gera
grein fyrir því, hvernig hann hefir eignast kindina. Kind, sem hefir eyrnamark eins, brenni-
mark annars og hornamark hins þriðja, skal talin eign þess er brennimark á, þó skal hann,
ef krafist er, gera grein fyrir, hvernig hann hefir eignast hana.

43. gr.

Enginn má taka upp mikil særingarmörk og mörk, sem vandi er að marka svo auð-
þekkileg sjeu. Þessi mörk eru: Afeyrt, bragð, netnál, hvathamrað, rífa í stýfðan helming, þrí-
rífað, þristúfrífað, sýlt í blaðstýft, sýlt í hvatt, sýlt í hálftaf, sýlt í stúf, tvísýlt í stúf, laufað
og öll afbrigði af því, blaðstúfrífað, blaðtvístúfrífað, blaðtvístýft, gatrífað, geilrífað, geirrífað, geir-
stúfrífað, hamarsneitt, hvatblaðstýft, hvattvístúfrífað, jaðrað og öll afbrigði af því, miðhlutað í
sneitt, sneiðblaðstýft, sneið frá blaðstýft, þrírífað í sneitt, stúfrífað, tvístýft, sýlrífað, tiglað og
öll afbrigði af því, tvihamrað og öll afbrigði af því, vagllögg, vaglrífa og vinkill. Fleiri en
tvær undirbenjar má ekki hafa sama megin á sama eyra. Mörk þau, er bann er lagt við,
mega ekki ganga að erfðum, gjöfum eða kaupum og solum. Sjeu fleiri mörk, en hjer eru
talin, sem sýslunefnd síðar kynni að vilja banna, skulu þau auglýst í markaskrá sýslunnar.

49. gr.

Sýslunefnd skal láta prenta markaskrá sýslunnar 5. hvert ár, þegar ártalið stendur á
heilum og hálfum tug. Skal hver markeigandi koma marki sínu í hana og borga fyrir það
sem sýslunefnd ákveður, en hver markeigandi fær ókeypis eitt eintak af markaskránni. Einnig
skal sýslunefnd sjá um, að nægilega mörg eintök af markaskránni sjeu send ókeypis til allra
hreppa utan sýslu, er fjársamgöngur eru við.

Gjald það er sýslunefnd ákveður fyrir mörkin, skal ætíð vera svo hátt, að það nægi
fullkomlega fyrir öllum kostnaði við markasöfnun, umsjón með skrásetningu og prentun mark-
anna. Ef afgangur verður, þegar allur kostnaður við markasöfnun og prentun er greiddur,
skal hann leggjast í sýslusjóð.

50. gr.

Sýslunefnd kys einn mann, til 5 ára í senn, til þess að hafa umsjón með upptöku
marka, og búa markaskrána undir prentun. Kaup hans, að meðtöldum öllum kostnaði við starf

hans, sje 15% af markagjaldi sýslunnar og borgist það ár sem markaskrá er prentuð. Markaumsjónarmaður skal gera sjer far um, að koma festu og samræmi í nöfn og röðun marka.

51. gr.

Hreppsnefndir skulu, hver í sínum hreppi, kjósa mann til að safna mörkum hreppsins. Í ómakslaun ber honum 10% af markagjaldi hreppsins. Kosningu hans skal oddviti viðkomandi, hrepps tilkynna markaumsjónarmanni, fyrir lok september það ár, sem mörkum er raðað. Markasöfnun fer fram í október, árið áður en mörkum skal raða. Skal henni svo haga, að hvert mark sje greinilega ritað á sjerstakan seðil, með nafni og heimili eiganda. Markaumsjónarmaður ákveður gerð markaseðla. Öll afbrigði frá mörkum, hversu lítil sem þau kunna að vera, teljast mark sjer.

Markaseðlar sjeu tilbúnir fyrir hausthreppaskil, og skal þá hver húsráðandi afhenda þá markasafnara hreppsins, ásamt hinu lögboðna gjaldi. Jafnskjótt sem markasafnari hefir veitt seðlunum móttöku, skal hann athuga þá vandlega, með samanburði við gildandi markaskrár og hlutast til um breytingu á þeim, er þess þurfa. Síðan skal hann tölusetja seðlana og senda markaumsjónarmanni fyrir nóvemberlok, ásamt markagjaldi hreppsins, að frádregnum ómakslaunum sínum. Jafnframt markaseðlunum skal markasafnari senda markaumsjónarmanni skrá yfir öll nýupptekin mörk í hreppnum, svo og þau, sem ekki eru prentuð í síðustu markaskrá, þó gömul kunni að vera. Hafi markið verið notað áður, skal þess getið, hvern rjett hlutaðeigandi hefir til marksins, og hvenær það hafi verið prentað síðast.

Fyrir næsta sýslufund eftir að markaskrá er fullger, skulu markasafnarar senda sýslunefnd tilkynningu um, ef prentvillur finnast á mörkum fjáreigenda í umdæmum þeirra.

52. gr.

Þá er umsjónarmanni hafa borist markaseðlar og skýrslur um nýupptekin mörk úr öllum hreppum sýslunnar, skal hann bera hverja skýrslu saman við markaseðlana úr hreppnum, síðan allar skýrslurnar saman sín á milli og loks hverja skýrslu saman við gildandi markaskrár innan sýslu og utan, þar sem fjársamgöngur geta átt sjer stað. Skal hann fella niður þau nýupptekin mörk, er teljast of lík eldri mörkum, svo og mörk er líkjast hvert öðru, og enn fremur mörk, sem ekki má upp taka, samkvæmt ákvæðum reglugjörðar. Nú hefir markaumsjónarmaður felt niður mark og skal hann þá tilkynna það marktakanda brjeflega, og jafnframt benda honum á annað mark, er hann geti fengið, sem líkast því, er hann hefir kosið. Hafi hann eigi svarað brjefi markaumsjónarmanns fyrir febrúarlok, skal líta svo á, að hann taki markið, er markaumsjónarmaður benti honum á, og skal þá prenta það í markaskránni.

Vilji einhver taka upp nýtt mark, milli þess sem markaskrá er prentuð, skal hann tilkynna það umsjónarmanni og fá til þess leyfi hans. Að því fengnu skal hann láta prenta það á sinn kostnað í Lögbirtingablaðinu og er það þá fyrst heimilt til notkunar.

53. gr.

Þeir sem nota mörk á sauðfje eða hrossum, sem ekki eru prentuð í markaskrá sýslunnar, s. s. Þeir, er flutt hafa inn í sýslu eftir að markaskrá var prentuð, skulu lýsa mörkum sínum á fyrstu vorhreppaskilum, eftir að þeir eru fluttir inn í hreppinn. Skal þá hreppsnefnd skrifa þau upp og sjá um, að þau verði brjeflega tilkynt hreppstjórum í nálægum hreppum, bæði utan sýslu og innan, þar sem von getur verið fjár eða hrossa. Sje þetta vanrækt af markeiganda eða marknotanda, getur hann ekki krafist neins úr fjallskilasjóði, þó fje hans og hross verði eftir í útrjettum og það falli á það kostnaður.

74

9. ágúst

Sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu skal leita samvinnu við sýslunefndir í Mýrasýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, Húnavatnssýslu, Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, um ráðstafanir til þess, að afstýra sammerkingum á þeim svæðum, er fjársamgöngur geta komið fyrir á.

Takist tjeð samvinna, skulu markaumsjónarmenn sýslanna koma saman á fund í janúar það ár, sem prenta skal markaskrár. Á fundinum skulu markaumsjónarmenn sýslanna leggja fram nákvæma skrá, hver fyrir sína sýslu, um öll nýupptekin mörk, og þau eldri mörk, sem ekki hafa verið í síðustu markaskrá. Skýrslur þessar bera þeir vandlega saman og fella niður sam- og námerkinga, eftir því sem þurfa þykir og við á. Jafnframt koma þeir sjer saman um þau ný mörk, er upp skuli tekin í stað hinna, er niður eru feld. Ef markaeftirlitsfundur ferst fyrir, eða getur eigi orðið haldinn í tæka tíð, skulu markaumsjónarmenn bera sig saman brjeflega. Skal umsjónarmaður hverrar sýslu senda umsjónarmönnum hinna sýslanna, skýrslu um öll nýupptekin mörk í sýslunni, að undanteknum þeim, er hann hefir felt niður, en að viðbættum þeim mörkum, er hann hefir bent mönnum á að taka upp í þeirra stað, og ber umsjónarmanninum að annast um, að ekkert af þeim nýuppteknum mörkum, er valdið geti sammerkingum eða námerkingum á því svæði, er fjársamgöngur geta átt sjer stað á, verði prentuð í markaskrá sýslunnar.

XII. kafli.

Um markaði og rekstra á sölufje.

55. gr.

Hreppsnefndir mega árlega kjósa markaskoðunarmenn, er skoði alt fje, sem rekið er út úr hreppnum til slátrunar. Kaup þeirra greiðist úr fjallskilasjóði, nema þegar um fjárkaup er að ræða, þá greiðist það af kaupanda.

56. gr.

Hverjum rekstri fylgi nægilega margir duglegir og vel útbúnir rekstrarmenn, og sje einn þeirra rekstrarforingi. Vita skal hann tölu rekstrarfjár.

57. gr.

Alt fje í sölurekstrum skal vera merkt rekstrarmerki, hvítt fje með lit framan í, en mislitt fje lagðað, eða merkt á annan hátt, eftir því sem við á.

Merki skal vera svo ljóst að vel sjáist í björtu, og svo traust að ekki máist af.

58. gr.

Svo skal rekstrum haga, að sem minstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið eða í að. Varast skal að rekstrum lendi saman við annað fje. Eigi má halda áfram með rekstur eftir að farið er að skyggja, nema brýna nauðsyn beri til, og sje það gert, skal ávalt kanna reksturinn að morgni. Aldrei má leggja upp með rekstur fyr en markljóst er.

59. gr.

Nú ber svo við, að öðru fje lendir saman við rekstur, skal þá á næsta bæ við það, er rekstrarmenn eða aðrir hafa orðið þess varir, draga það fje úr rekstrinum og gæta þess

vandlega, að engin kind verði eftir, er eigi á í honum að vera. Skal þá sem endranær, er viðstaða verður svo rekstur dreifir úr sjer, telja hann. Enginn, sem er á bænum, eða í næst, 9. ágúst má skorast undan því að kanna rekstur með rekstrarmönnum og ber rekstrarstjóra að greiða þóknun fyrir slíka aðstoð eftir samkomulagi, eða úrskurði sýslumanns, ef á greinir. Sjá skal rekstrarforingi um, að fje það, er saman við hefir komið, komist aftur í átthaga sína eigendum þess að kostnaðarlausu.

60. gr.

Verði rekstrarmenn sannir að því að hafa tekið fje annara í rekstur sinn, skal rekstrarforingi bæta eigendum það að fullu, eftir samkomulagi, eða úrskurði sýslunefndar, ef með þarf.

61. gr.

Rekstrarstjóri annast um, að reglum þessum sje hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim, sem kærir, en á aftur aðgang að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna.

XIII. kafli.

Almenn ákvæði.

62. gr.

Það er stranglega bannað að svelta fjenað, frekar en minst verður hjá komist, hundbeita hann að óþörfu eða misþyrma honum á nokkurn hátt við fjárrjettir, í rekstrum eða gæslu, fjallgöngum eða heimasömölun. Brot gegn þessu varða skaðabótum eða sektum, ef þyngri hegning ekki liggur við.

63. gr.

Sýslunefnd sker úr öllum ágreiningi milli hreppsnefnda út af fjallskilamálum. Undir úrskurð hennar heyra líka allar kærur og kröfur á hendur hreppsnefndum og hreppstjórum, snertandi fjallskil. Ennfremur geta einstakir menn komið sjer saman um að leggja slík mál undir úrskurð sýslunefndar.

64. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum frá 10—500 krónum, og renna sektirnar í fjallskilasjóð þess leitarsvæðis, sem brot er framið í.

65. gr.

Mál, sem rísa út af brotum gegn reglugjörð þessari, skal farið með sem almenn lögreglumál.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1920.

Atvinnu- og samgöngumáladeild stjórnarráðsins, 9. ágúst 1920.

Pjetur Jónsson.

Oddur Hermannsson.